

ÁVARP DEILDARFORSETA

Ágætu gestir

Verið velkomin á röð útskriftarviðburða tónlistardeildar Listaháskólans sem lýkur nú sínu tíunda starfsári.

Frá upphafi hefur markmið tónlistardeildar verið að mennta tónlistarfólk til starfa á breiðum grundvelli tónlistar. Ennfremur hefur stefna deildarinnar verið sú að styðja við einstaklinginn, að gera ekki kröfur um ákveðin stíl eða tegund tónlistar, heldur gefa nemendum ráðrúm og tækifæri til að þroska með sér innsæi og listrænan skilning til sjálfstæðrar sköpunar og túlkunar á tónlist.

Er óhætt að segja að þeir útskriftar-nemendur sem standa að viðburðum vorsins 2011 hafi nýtt sér námið vel og endurspegla fjölbreytni og gæði þess. Það er með stolti sem við horfum á eftir þeim út í atvinnulífið eða í framhaldsnám og fylgja þeim árnaðaróskir allra sem að námi þeirra hafa staðið.

Góðu gestir, aðstandendur og velunnarar, ég vona að þið njótið vel.

Mist Þorkelsdóttir

Deildarforseti tónlistardeildar

EFNISYFIRLIT

- 4** Laugardagur 12. mars kl. 17.00
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir
Jane Ade Sutarjo, fiðla
- 6** Laugardagur 2. apríl kl. 16.00
Neskirkja
Þórunn Gréta Sigurðardóttir, tónsmíðar
Ingólfur Magnússon, kvikmyndatónlist
- 8** Sunnudagur 10. apríl kl. 16.00
Þjóðmenningarhúsið
Birgit Myschi, mennt og miðlun
- 10** Föstudagur 15. apríl kl. 20.00
Sölvhöll
Einar Sverrir Tryggvason, kvikmyndatónlist
- 12** Laugardagur 16. apríl kl. 16.00
Skemmtihúsið
Erla Axelsdóttir, nýmiðlar
- 14** Þriðjudagur 19. apríl kl. 20.00
Iðnó
Ingibjörg Erlingsdóttir, tónsmíðar
Brynhildur Oddsdóttir, tónsmíðar
- 16** Laugardagur 30. apríl kl. 17.00
Þjóðmenningarhúsið
Vala Gestsdóttir, tónsmíðar
- 18** Miðvikudagur 4. maí kl. 12.00-19.00
Fimmtudagur 5. maí kl. 12.00-19.00
Kaffistofan, Hverfisgata 42
Árni Guðjónsson, tónsmíðar
- 20** Laugardagur 7. maí kl. 16.00
Fella- og Hólakirkja
Ingunn Gyða Hrafnkelsdóttir, sópran

- 22** Sunnudagur 8. maí kl. 15.30
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús
**Arndís Hreiðarsdóttir,
sviðslistatónlist**
- 24** Sunnudagur 8. maí kl. 17.00
Þjóðmenningarhúsið
**Hafsteinn Þórólfsson,
kvikmyndatónlist**
- 26** Mánudagur 9. maí kl. 20.00
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir
Arve Eiriksson, horn
- 28** Fimmtudagur 12. maí kl. 18.00
Þjóðmenningarhúsið
**Inga Dóra Stefánsdóttir,
messó-sópran**
- 30** Föstudagur 13. maí kl. 20.00
Þjóðmenningarhúsið
Bergrún Snæbjörnsdóttir, horn
- 32** Laugardagur 14. maí kl. 14.00
Þjóðmenningarhúsið
**Úlfhildur Þorsteinsdóttir,
fiðla (diplóma)**
- 34** Sunnudagur 15. maí kl. 20.00
Sölvhóll
**Bjarni Biering Margeirsson,
kvikmyndatónlist**
- 36** Miðvikudagur 18. maí kl. 20.00
Sölvhóll
**Baldur Jóhann Baldursson,
MA í tónsmíðum
Kristján Guðjónsson,
MA í tónsmíðum**
- 38** Fimmtudagur 19. maí kl. 20.00
Frikirkjan
Sigrún Harðardóttir, fiðla
- 40** Föstudagur 20. maí kl. 18.00
Sölvhóll
**Halldór Sveinsson,
mennt og miðlun**

**LAUGARDAGUR
12. MARS KL. 17.00
LISTASAFN REYKJAVÍKUR,
KJARVALSSTAÐIR**

**JANE ADE SUTARJO,
FIÐLA**

EFNISSKRÁ

J. S. Bach (1685-1750)

Partíta nr. 3 í E-dúr BVW 1006
fyrir einleiksfíðlu

Preludio

Loure

Gavotte en Rondeau

Menuet I

Menuet II

Bourrée

Giga

N. Paganini (1782-1840)

Sónata concertata í A-dúr op.61,
fyrir fiðlu og gítar

Allegro Spiritoso

Adagio assai espressivo

Rondeau

C. Saint-Saëns (1835-1921)

Inngangur og Rondo Capriccioso
í a-moll op.28

HLÉ

Áskell Másson (1953)

Teikn fyrir einleiksfíðlu

E. Grieg (1843-1907)

Sónata nr 1 í F-dúr op.8, fyrir fiðlu og píanó

Allegro con brio

Allegretto quasi Andantino

Allegro molto vivace

Richard Simm, píanó

Grétar Geir Kristinsson, gítar

Jane Ade Sutarjo fæddist í Jakarta í Indónesiu árið 1989. Hún hóf tónlistarnám ung að aldri, fyrst á píanó og síðar á fiðlu. Píanónámið hóf hún hjá móður sinni, Martha-lenu Sugito en hlaut síðan kennslu hjá Vanda Tiodang og Fabiola Chianiago. Nám á fiðlu stundaði Jane hjá Grace Sudargo og Sharon Eng þar til hún flutti til Íslands haustið 2008.

Jane leggur nú stund á einleikaranám með hvoru tveggja píanó og fiðlu sem aðal-hljóðfæri við Listaháskóla Íslands. Kennari hennar á fiðlu er Guðný Guðmundsdóttir. Píanónám stundaði hún í fyrstu hjá Nínu Margréti Grímsdóttir en nú hjá Peter Máté.

Jane hefur haldið einleikaratónleika og komið fram sem einleikari með hljómsveitum í Indónesíu auk þess sem hún hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum í Indónesíu, Bandaríkjunum og á Íslandi. Hún hefur tekið þátt í píanókeppnum í Indónesíu og á Íslandi og hlaut árið 2009 önnur verðlaun í EPTA píanókeppninni hér á landi. Í janúar 2011 kom Jane fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem hún flutti píanókonsert no. 1 eftir Chopin.

UM VERKIN

Partíta nr. 3 í E-dúr BWV 1006 fyrir einleiksfiðlu

Partíta nr. 3 eftir Bach er ein af þremur partítum sem samdar voru í kringum 1720 og telst sú glaðlegasta af þeim. Prelúdían samanstendur af brotnum hljófum í sextándupörtum. Loure er hægur dans í 6/4 með punkteruðum lengdar-gildum. Gavotte en Rondea, eins og nafnið gefur til kynna, er einskonar rondo með ítrekunum á aðalstefi í bland við mótstef. Tveir tignarlegir menúettar fylgja í kjölfarið og í þeim síðari má heyra drynjandi eftirhermu af sekkiþjappum. Eftir menúettana tvo kemur glaðvæur Bourrée og stutt Giga.

Sónata concertata í A-dúr op.61, fyrir fiðlu og gítar

Þessi sónata er órlítið frábrugðin öðrum verkum Paganinis. Fyrsti þátturinn er mjög klassískur að forminu til. Jafnvægið milli fiðlunnar og gítarsins leiðir til einfaldrar samstilltrar tjáningar tónlistarinnar. Annar þátturinn, Adagio assai espressivo, inniheldur nokkra skemmtilega samspilskafli milli hljóðfæranna tveggja. Gítarinn nær nánast spunalegu frelsi í tjáningu og dregur þar hina rólegu fiðlu með sér. Síðasti þátturinn, Rondeau, er einskonar dans. Sónatan er ein af innilegustu og rólegustu verkum Paganinis en þó um leið með gáskafyllstu verkum hans.

Inngangur og Rondo Capriccioso í a-moll op.28

Þetta verk var upprunalega samið fyrir fiðlu og hljómsveit árið 1863 en verkið er tileinkað Pablo de Sarasate. Hægur inngangurinn, Andante malinconoco, vex smám saman og endar með litilli kadensu sem greiðir veginn fyrir rondoíð, Allegro ma non troppo. Stefið sem fiðlan spilar er með sterkum spænskum einkennum og inniheldur stór stökk og glansandi arpeggiur. Mótstefið er lýrískt, con morbidezza (með mýkt), og birtist áður en

seinna rondo stefið heyrir en það leiðir svo hlustandann inn í stutta kadensu og glæsilegan kodakafli.

Teikn fyrir einleiksfiðlu

Verkið var samið árið 1982 fyrir Guðnýju Guðmundsdóttur. Hægt er að líta á verkið sem lítið tónaljód. Mikið er um notkun kvarttóna í verkinu.

Sónata nr 1 í F-dúr op.8, fyrir fiðlu og píanó

Fyrsta fiðlusónata Griegs var samin árið 1865. Hinn lýriski fyrsti þáttur byrjar og endar hljóðlega. Annar þátturinn er í hálfgerðu scherzo formi, hann hefst með gamaldags dansi í a-moll sem leiðir hlustandann inn í gleðidans í A-dúr áður en hann snýr aftur í a-moll. Lokapáttur verksins, Allegro molto vivace er opinskár, orkumikill og virtúósiskur þáttur sem lokar sönótunni með glæsibrag.

J.A.S.

LAUGARDAGUR
2. APRÍL KL. 16.00
NESKIRKJA

ÞÓRUNN GRÉTA
SIGURÐARDÓTTIR,
TÓNSMÍÐAR

INGÓLFUR MAGNÚSSON,
KVIKMYNDATÓNLIST

EFNISSKRÁ

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Er - Frumflutningur
Fyrir hljómsveit í þremur þáttum

Ingólfur Magnússon

Þrumustingur - Frumflutningur
Fyrir hljómsveit
og þrjá slagverksleikara

Jón Guðmundsson, flauta
Nína Hjördís Þorkelsdóttir, flauta
Gillian Haworth, óbó
Baldvin Ingvar Tryggvason, klarínett
Súsanna Ernst Friðriksdóttir,
bassaklarínett
Dagbjört Ingólfsdóttir, fagott
Jóhann B. Ævarsson, horn
Jóhannes Þorleiksson, trompet
Harpa Jóhannesdóttir, básúna
Frank Aarnik, slagverk

Þorvaldur Kári Ingveldarson, slagverk
Magnús Tryggvasson E., slagverk
Katie Buckley, harpa
Jane Ade Sutarjo, fiðla,
Ísak Ríkharðsson, fiðla
Sigrún Harðardóttir, fiðla
Úlfhildur Þorsteinsdóttir, fiðla
Halldór Sveinsson, 2. fiðla
Chrissie Telma Guðmundsdóttir, 2. fiðla
Sólrún Gunnarsdóttir, 2. fiðla
Unnur Birna Björnsdóttir, 2. fiðla
Vala Gestsdóttir, víóla
Súsanna Ernst Friðriksdóttir, víóla
Sigríður Mjöll Björnsdóttir, víóla
Þórunn Harðardóttir, víóla
Karl Jóhann Bjarnason, selló
Ragnar Jónsson, selló
Guðrún Svana Hilmarsdóttir, selló
Úlfar Ingi Haraldsson, kontrabassi
og fleiri.

Stjórnandi á tónleikumunum:
Tryggvi M. Baldvinsson

Þórunn Gréta hóf tónlistarnám sitt við Tónskóla Fljótshéraðs og Tónlistarskóla Fellahrepps. Hún lærði á pianó m.a. hjá Árna Ísleifssyni, Armanni Einarssyni og Suncönu Slamnig og sótti ýmiskonar samspilsþjálfun hjá Charles Ross. Veturinn 1997-1998 sótti hún einkatíma í píanóleik hjá Andreas Ohlsen í Hamborg.

Þórunn Gréta lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Egilsstöðum árið 2001 og þaðan lá leiðin í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar kviknaði áhuginn á tónsmíðum og var tónsmíðakennari hennar Úlfar Ingi Haraldsson en samhliða sótti hún píanótíma hjá Steinunni Birnu Ragnarsdóttur og Halldóri Haraldssyni. Þórunn Gréta lauk burtfararprófi í tónsmíðum og sjöunda stigi á pianó vorið 2008. Í september sama ár hóf hún tónsmíðanám við Listaháskólann undir handleiðslu Atla Ingólfssonar auk áframhaldandi píanónáms hjá Halldóri Haraldssyni.

Þórunn Gréta hefur sótt fjölda masterklassa í píanóleik m.a. hjá Daníel Þorsteinssyni, Peter Máté, Eddu Erlendsdóttur og Tibor Szász.

Nýverið var tónverk eftir hana valið til flutnings á Ung Nordisk Musik festival sem haldin verður í Kaupmannahöfn í ágúst 2001. Þá hefur hún í samstarfi við listamenn úr ýmsum áttum samið tónlist m.a. við vídeóverk, innsetningar og hreyfimyndir.

Ingólfur Magnússon hefur lokið prófi frá kennaradeild og í rafbassaleik frá tónlistarskóla FÍH og sveinsprófi í rafvirkjun frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Ingólfur hefur síðustu þrjú árin stundað nám í tónsmíðum við Listháskóla Íslands hjá Úlfari Inga Haraldssyni og Tryggva M. Baldvinsyni.

Ingólfur hefur unnið með fjölda tónlistarmanna en þar ber helst að nefna Sverri Stormsker, Kalla Bjarna, Geir Ólafs og Ómar Ragnarsson. Einnig hefur Ingólfur unnið við kvikmyndatónsmíðar, en ásamt Kristjáni Viðari Haraldssyni gerði hann tónlistina við íslensku kvikmyndina Jóhannes sem kom út árið 2009. Auk þessa hefur Ingólfur samið tónlist fyrir allnokkrar stuttmyndir.

Um fyrri verk Ingólfs hafa verið notuð orð eins og „osom“, „mjög flott“ og „meira af þessu“.

UM VERKIN

Er

Verkið Er fyrir hljómsveit er í þremur þáttum. Hver þáttur endurspeglar ákveðið hugarástand og saman mynda þeir þráð sem lýsir þeim fjötrum sem hugurinn getur orðið mönnum. Þegar hugurinn kemst á flug getur hann komið við á óvæntum stöðum og ekkert endilega góðum. Því var unnið með tilviljanir við sköpun efnisins sem var sniðið að ákveðnum forsendum sem gefnar eru í hverjum kafla. Verkið lýsir baráttunni við að ná stjórn á huganum eða e.t.v. baráttunni við að sleppa af honum takinu.

P.G.S.

Þrumustingur

Verkið Þrumustingur er samsett úr sjö köflum fyrir hljómsveit og þrjá slagverksleikara. Þættirnir eru samofnir af tónsmíðaaðferðum tuttugustu aldarinnar í bland við tónfræði nítjándu aldarinnar. Nafnið vísar til hrynjanda verksins sem er jafnt ákafur sem og ágengur.

I.M.

SUNNUDAGUR
10. APRÍL KL. 16.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

BIRGIT MYACHI,
MENNT OG MIÐLUN

EFNISSKRÁ

Birgit Myschi

Fátt er svo með öllu illt.

Ævintýri fyrir gítartrío og sögumann.

*Nemendur úr Listaháskólanum
og nemendur í klassískum gítarleik við
Tónlistarskóla Árnesinga.*

Sögumaður:

Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson

Birgit Myschi fæddist 1964 í Kiel í Þýskalandi. Hún hóf sjálfsnám á gítar tólf ára gömul en formlegt gítarnám hófst tveimur árum síðar þegar gítarkennari flutti til bogarinnar. Birgit flutti búferlum til Íslands árið 1983. Hún hóf gítarnám á Íslandi í Tónlistarskóla Árnesinga hjá Michael Hillenstedt. Þaðan lá leiðin til Símons H. Ívarssonar og loks Páls Eyjólfssonar. Hún útskrifaðist frá Tónlistarskóla Árnesinga vorið 2007.

Jafnhliða gítarnáminu stundaði Birgit nám á kontrabassa hjá Gunnlaugi T. Stefánsyni. Birgit hefur starfað sem gítarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga sl. tíu ár. Hún hóf nám við Listaháskóla Íslands 2008 og lýkur BA-gráðu úr mennt og miðlun nú í vor. Smám saman færðist þungamiðjan í náminu yfir á tónsmíðar. Afrakstur þess er útskriftarverkefni Birgitar sem flutt verður sem lokaverkefni hennar.

Birgit hefur komið fram við ýmis tækifæri bæði sem kontrabassa- og gítarleikari. Hún hefur spilað í leiksyningum, farið í nokkrar tónleikaferðir til Þýskalands og haldið tónleika hér á landi. Kletzmersveitin Khol Isha var ein af hljómsveitunum sem hún spilaði með og núna vinnur hún að því að koma þjóðlagasveitinni Korku á framfæri, en hún er annar stofnandi sveitarinnar og sér að stórum hluta um útsetningar fyrir hana. Birgit steig sín fyrstu skref sem tónskáld nú í febrúar þegar verkið Nyjamulagira var flutt á tónleikum í Hallgrímskirkju, en það er samið fyrir hörpu, marimbu og þverflautu.

UM VERKEFNIÐ

Fátt er svo með öllu illt.

Ævintýri fyrir gítartrío og sögumann.
Að semja gítartrío er gæluverkefni sem ég hef haft í huga um nokkurt skeið. Ástæðan er vöntun á verkefnum fyrir gítarhópa á neðri stigum náms og blandaða samspilshópa þar sem nemendur eru á mismunandi stigum. Íslensku þjóðlögin urðu fyrir valinu því þau hafa verið mér hugðarefni um nokkurra ára skeið. Ég tel að íslensku þjóðlögin eigi að skipa ríkan sess í tónlistaruppeldi barna. Mikilvægt er að börn vinni með íslenska tónlistarfinn og hans þjóðlegu einkenni, því þar liggja rætur okkar menningar.

Verkefnið hefur smám saman fengið sjálfstætt líf. Á einu námskeiða í Listaháskólanum kynntist ég meistaranemandanum Svanlaugu Jóhannsdóttur. Hún bauðst til þess að semja sögu sem tengir lögin í bókinni saman. Sigríður Rún Kristinsdóttir, nemandi í grafískri hönnun tók svo að sér að myndskreyta bókina og setja hana upp.

Þar með var komið á samstarfsverkefni okkar þriggja. Þegar ég hafði orð á því að það væri gott að láta geisladisk fylgja bókinni, var Jón Gunnar Biering Margeirsson gítarleikari, sem er í meistaranámi í Listaháskólanum, tilbúinn til að aðstoða mig við upptöku á honum. Skólabróðir minn Stefán Haukur Gylfason lék einnig með okkur í upptökunum.

Við vitum aldrei hvað lífið ber í skauti sér. Mig hefði ekki órað fyrir að það ætti fyrir mér að liggja að semja bók eða að læra tónsmíðar, en það gerðist og ég er þakklát fyrir það.

Ég vil þakka öllum sem hafa með einhverjum hætti komið að vinnslu bókarinnar og útskriftartónleikum, hjartanlega fyrir. Nemendum mínum þakka ég fyrir að spila á tónleikunum og kennurum mínum þakka ég fyrir alla þá þolímæði sem þeir hafa sýnt mér. Án ykkar væri ég ekki stöð hér í dag.

Takk fyrir mig,

B.M.

FÖSTUDAGUR
15. APRÍL KL. 20.00
SÖLVHÓLL

EINAR SVERRIR
TRYGGVASON,
KVIKMYNDATÓNLIST

EFNISSKRÁ

Einar Sverrir Tryggvason

Beyond Reality (7")

Viltu breyta lífi þínu? (14")

Friends? (2")

Kæri Kaleb (24")

Fjórar senur

Int. House. Morning - Ext. Field. Morning.

Ext. Forest Trail. Day.

Ext. Beach. Twilight.

Ext. Forest. Night - Int. House. Night.

Jane Ade Sutarjo, píanó

Halldór Smáráson, píanó

Þórður Þorsteinsson, selló

Sigrún Harðardóttir, fiðla

Úlfhildur Þorsteinsdóttir, fiðla

María Ósp Ómarsdóttir, flauta

Baldvin Ingvar Tryggvason, klarínnett

Stjórnandi á tónleikunum:

Tryggvi M. Baldvinsson

Einar Sverrir Tryggvason er fæddur í Reykjavík þann 23. febrúar 1988 og hóf píanónám við sex ára aldur við Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Árið 1997 fluttist hann á Álftanes og hélt tónlistarnámi sínu þar áfram allt til ársins 2004, þegar hann sagði skilið við formlegt tónlistarnám um stund og sneri sér að laga- og tónsmíðum samhliða námi við Menntaskólann í Reykjavík. Að loknu stúdentsprófi lá leiðin í tónlistardeild Listaháskóla Íslands á kvikmyndatónlistarbraut, þar sem tónsmíðakennarar hans hafa verið þeir Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson og Hilmar Örn Hilmarsson. Einar hefur samið tónlist við þó nokkrar stuttmyndir, sem margar hafa hlotið ýmsar viðurkenningar.

UM VERKIN

Beyond Reality

Í heimi staðreynda er ekki tími fyrir hið óraunverulega. Við trúum því sem við sjáum og gefum ímyndunaraflinu ekki tækifæri. Við festumst í hlekkjum lífs-gæðakapphaupsins. En hvað ef?

Höfundur: *María Þórdís Ólafsdóttir*.
Kvikmyndataka: *Dagur de'Medici Ólafsson*.

Viltu breyta lífi þínu?

Líf eldri manns er bundið vana þangað til hann fær skilaboð frá æðri máttarvöldum um að nú sé tími breytinga. (Sigurvegari Ljósvalaljóðs 2010).

Handrit og leikstjórn: *Erlendur Sveinsson*.
Aðalhlutverk: *Grétar Snær Hjartarson*.
Kvikmyndataka: *Anton Smári Gunnarsson*.

Friends?

Stundum verður vinátta til úr engu. Stundum ekki. (Tilnefnd til verðlauna á SIGGRAPH 2009).
Höfundur: *Sveinbjörn J. Tryggvason*.

Kæri Kaleb

Strákur að nafni Kaleb upplifir örlagaríkan dag þar sem allar ákvarðanir hafa afleiðingar. (Valin besta stuttmynd á útskriftarhátið Kvikmyndaskóla Íslands 2010).

Handrit og leikstjórn: *Erlendur Sveinsson*
Aðalhlutverk: *Arngrímur Bragi Steinarsson, Jósef Markússon og Unnur Birna Jónsdóttir*.
Kvikmyndataka: *Anton Smári Gunnarsson*.

Fjórar senur

Verkið er samið undir áhrifum frá bandarísku minimalistunum en á þá sterkar rætur í lagrænni náttúru-rómantik. Verkið er í fjórum þáttum sem hver um sig lýsir ákveðinni senu í kvikmynd sem hlustand-anum er látið eftir að skapa.

E.S.T.

LAUGARDAGUR
16. APRÍL KL. 16.00
SKEMMTIHÚSIÐ

ERLA AXELSDÓTTIR,
NÝMIÐLAR

EFNISSKRÁ

Erla Axelsdóttir

Hugarheimur - Frumflutningur

1. kafli - Hugarfóstur

Millispil - Raunhæfar

2. kafli - Hugbitinn

Millispil - Jákvæðar

3. kafli - Hugarflug

Millispil - Dagdraumar

4. kafli - Hughrifinn

Millispil - Hugmyndasnauð

5. kafli - Hugarreik

Millispil - Neikvæðar

6. kafli - Hugarvíl

Millispil - Heimspekilegar

7. kafli - Hugarfró

María Ösp Ómarsdóttir, flauta
Sigrún Jónsdóttir, klarínett
Bergrún Snæbjörnsdóttir, horn
Frank Aarnink, slagverk
Árni Freyr Gunnarsson, píanó
Jane Ade Sutarjo, fiðla
Halldór Sveinsson, fiðla
Þórunn Harðardóttir, víóla
Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló
Gunnar Gunnsteinsson, bassi

Stjórnandi á tónleikunum:
Úlfar Ingi Haraldsson

Erla Axelsdóttir lærði hornleik í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá þeim Stefáni Ómari Jakobssyni og Emil Friðfinnssyni. Þaðan útskrifaðist hún vorið 2009. Erla hóf nám sitt við Listaháskóla Íslands í tónsmíðum með áherslu á nýmiðla haustið 2008 og lýkur þaðan BA prófi nú í vor. Í tónsmíðanámi sínu hefur Erla notið handleiðu Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar og Ríkharðs H. Friðrikssonar. Erla hefur verið virk í tónlistarlífinu sem hornleikari og hefur m.a. spilað með Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Sinfóníhljómsveit unga fólksins og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Auk þess hefur Erla spilað víða erlendis þar sem hún var meðlimur í hljómsveit Bjarkar Guðmundsdóttur á tónleikaferðalagi hennar um heiminn árin 2007 - 2008. Erla hefur samið tónlist fyrir útvarpsleikrit, dansmynd, spilað inn á hinar ýmsu hljómplötur og starfar nú sem tónfræðikennari og lúðrasveitarstjórnandi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

UM VERKIN

Hugarheimur

Verk í sjö stuttum þáttum sem tengdir eru saman með millispilum (hljóðköflum). Hugarheimur er heimur hugmynda og hugsana. Hver kafli og millispil lýsir mismunandi tegund hugsana og vinnslu hugmynda.

ÞRIÐJUDAGUR
19. APRÍL KL. 20.00
IÐNÓ

INGIBJÖRG ERLINGSDÓTTIR,
TÓNSMÍÐAR

BRYNHILDUR ODDSDÓTTIR,
TÓNSMÍÐAR

EFNISSKRÁ

Ingibjörg Erlingsdóttir

Hafið - Frumflutningur
Verk fyrir hjómsveit og kór

Brynhildur Oddsdóttir

Daybreak - Frumflutningur
*Verk fyrir strengjakvartett, slagverk,
vibrafón, gítar, kontrabassa og söng*

Unnur Birna Bassadóttir, fiðla

Vala Gestsdóttir, víóla

Birgir Bragason, kontrabassi

Hjörtur Stephensen, rafgítar

Brynjar Páll Björnsson, bassi

Magnús Örn Magnússon, trommur

Frank Aarnink, vibrafónn / pákur

Halldór Smáráson, píanó (hammond orgel)

Brynhildur Oddsdóttir, söngur

og fleiri.

Stjórnandi á tónleikum:

Úlfar Ingi Haraldsson

Ingibjörg Erlingsdóttir hóf nám í Tónlistarskóla Rangæinga á unga aldri. Hún lærði á píanó hjá Önnu Magnúsdóttur, á flautu hjá Guðmundi Eiríkssyni og spilaði með lúðrasveit og kammersveit skólans. Ingibjörg lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur vorið 1995. Í skólanum nam hún píanóleik hjá Peter Máté og söng hjá Halldóri Vilhelmssyni. Leið Ingibjargar lá á heimaslóð eftir að hún lauk kennaranámi. Hún fluttist á Hvolsvöll í Rangárþingi og hefur síðan kennt tónmennt í Hvolsskóla og á ýmis hljóðfæri í Tónlistarskóla Rangæinga og hjá Tónsmiðju Suðurlands. Hún hefur spilað og sungið með ýmsum hljómsveitum, tónlistarhópum og kórum í gegnum tíðina. Hún hefur tekið að sér útsetningar og tónlistarstjórn hjá Leikfélagi Rangæinga og hjá ýmsum grunnskólum Suðurlands, stjórnað kórum, hljómsveitum og tónlistarviðburðum.

Haustið 2008 hóf Ingibjörg nám í tónsmíðum í Listaháskóla Íslands, þar sem kennarar hennar hafa verið Arnar Bjarnason og Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson.

Brynhildur Oddsdóttir hóf tónlistarnám sitt við Nýja Tónlistarskólann sjö ára gömul. Hún lærði á fiðlu hjá Ásdísi Stross og Zbigniew Dubik með nokkrum hléum til 2004. Sama ár hóf hún söngnám hjá Signýju Sæmundsdóttur og kláraði fimmta stig. Í söngnáminu þróaðist mikill tónsmíðaáhugi og hóf hún að semja ýmis konar dægurlög.

Brynhildur hóf nám við Listaháskóla Íslands haustið 2008. Tónsmíðakennari hennar þar hefur verið Hildigunnur Rúnarsdóttir. Með tónsmíðanámi sínu í Listaháskólanum hefur Brynhildur stundað söngnám undir handleiðslu Elíabetar Erlingsdóttur og lýkur framhaldsprófi í söng nú í vor.

UM VERKIN

Hafið

Hafið er verk fyrir hljómsveit og kór. Það er innblásið af tónum hafsins, krafti ölduniðarins og seið bárunnar.

I.E.

Daybreak

Verkið samanstendur af strengjakvartett, slagverki, vibrafón, gítar, kontrabassa og söng. Verkið er í fjórum þáttum sem tengdir eru saman með milliköflum.

B.O.

LAUGARDAGUR
30. APRÍL KL. 17.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

VALA GESTSDÓTTIR,
TÓNSMÍÐAR

EFNISSKRÁ

Vala Gestsdóttir

Vertu hér
Betty Boop
Strengjarinn og Brassarinn
Sestu-Dansaðu-Vertu

Einsöngur:

Þórunn Antonía Magnúsdóttir
Hafsteinn Þórólfsson, barítón

HLÉ

Vala Gestsdóttir

Völuspá í Tónmáli (2011) - Frumflutningur
Tónverk fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit í þremur samtengdum köflum sem lýsa sköpun heimsins, ragnarökum og endurreisi jarðar.
Texti: Þórarinn Eldjárn

Einsöngur:

Sólveig Samúelsdóttir, messó-sópran
Hafsteinn Þórólfsson, barítón

Stjórnandi á tónleikunum:
Úlfar Ingi Haraldsson.

Vala Gestsdóttir hefur stundað tónlistarnám frá unga aldri. Leið hennar lá í gegnum Tónmenntaskóla Reykjavíkur og þaðan í Tónlistarskóla Reykjavíkur með lágfiðluleik sem aðalnámsgrein. Helstu víólukennarar hennar í Tónlistarskóla Reykjavíkur voru Ingvar Jónasson og Helga Þórarinsdóttir. Um tvítugt fór Vala á námskeið í hljóðupptökum í FÍH og í framhaldi af því til London þar sem hún stundaði nám í hljóðupptökum við SAE institute (Sound and Audio Engineering). Vala hefur starfað sem hljóðmaður um árabíl m.a. hjá Rúv, Skjá einum og Stöð 2.

Lágfiðlan og tónlistin leiddi Völu aftur á skólabeck og hefur hún síðan haustið 2008 stundað nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar. Svava Bernharðsdóttir hefur verið víólukennari hennar við skólann. Vala hefur í náminu meðal annars gert tónlist við dansverk í samvinnu við dansdeild skólans, hún var víóluleikari í sýningu Nemendaleikhúsins Eftirlitsmaðurinn eftir Nikolai Gogol en í sýningunni var lifandi tónlist. Vala starfaði aftur með leiklistarnemum Lista-

háskólans vorið 2010 er hún í samvinnu við annan tónsmíðanema samdi og sá um tónlistina fyrir útskriftarsýningu Nemendaleikhússins Stræti eftir Jim Cartwright. Nú í vor lýkur Vala BA-námi í almennum tónsmíðum.

UM VERKIN

Vertu hér (2008)

Þetta er fyrsta tónsmíð mín við Lista-háskólann. Textann skrifaði ég til ástvinar sem ég vildi hughreysta. Þetta lag stendur mér nærri vegna þess hverjum ég tileinka það og jafnframt vegna þess að það er frumraun mín í nótnaskrifum á minni eigin tónlist og útsetningu.

Betty Boop (2009)

Þetta lag var flutt á öðrum tónleikum mínum við skólann. Það var samið við teiknimynd um Betty Boop og leikið á meðan að myndin var sýnd. Hugmyndin var að gefa myndefninu nýjan blæ með nýrri hljóðmynd. Lagið hljómar þó hér án myndarinnar.

Strengjarinn og Brassarinn (2010)

Þessi lög voru flutt á þriðju tónleikum mínum við skólann. Þau eru frumraun mín til þess að skrifa fyrir pianó.

Sestu-Dansaðu-Vertu (2010)

Þessi þrenna var flutt vorið 2010. Lögin eru spunnin úr tónlist sem ég skrifaði fyrir leiksýningu Nemendaleikhússins, Stræti, og úr lagi sem ég skrifaði fyrir dansverkið, Looking for Someone to Play, sem var flutt vorið 2010.

Völuspá í tónmáli

Hjá mér kviknaði sú hugmynd að gera tónverkið Völuspá í tónmáli þegar ég las bókina Völuspá 2005. Bókin hefur að geyma texta Þórarinnss Eldjárns en hann endurorti kvæðið. Ég kaus að semja tónlist við útgáfu Þórarins fremur en við upp-runalega textann vegna þess að í hans útgáfu er reynt að færa lýsingarnar og atburðarásina yfir á eðlilegt nútímamál svo að textinn verði sem skiljanlegastur og finnst mér þetta auðvelda það verk að ná fram söguþræði og flæði sem allir geta skilið. Völuspá inniheldur margt sem getur gefið innblástur að tónsmíð. Hvernig

hljóðheim er rétt að skapa upphafinu, tóminu áður en sköpunarsagan hefst? Hver er völvan og hvernig er rétt að túlka hana? Hvernig er hægt að gefa sólinni, tungli og stjörnum sína rödd? Goð, dvergar, menn, þursameyjar og örlagadísir hafa sinn karakter í kvæðinu sem áhugavert er að fást við að draga fram með tónlist, sem og Fenrisúlfinn, Miðgarðsorminn og drekann Niðhogg. Kvæðið inniheldur blómlega tíma sem umturnast í orrustu og hefur að geyma andstæður á borð við ást og hatur og líf og dauða.

Hljóðfæraskipan í tónsmíðinni er ekki fyrirfram ákveðin. Innihald Völuspár leiddi mig áfram í hljóðfæravali. Þótti mér kvæðið kalla eftir ákveðnu hljóðfæri eða tónmáli eftir því hvað átti sér stað í framvindu sögunnar hverju sinni. Útkoman er tónverk fyrir söngkonu, kór og litla hljómsveit, í þremur, samtengdum köflum. Í verkinu er upphafinu og sköpun jarðar lýst og því næst ragnarökum. Að endingu ris jörðin á ný.

V.G.

MIÐVIKUDAGUR
4. MAÍ KL. 12.00 - 19.00
FIMMTUDAGUR
5. MAÍ KL. 12.00 - 19.00
KAFFISTOFAN,
HVERFIGGATA 42

ÁRNI GUÐJÓNSSON,
TÓNSMÍÐAR

EFNISSKRÁ

Árni Guðjónsson

Án titils

*Verkið er hjóð- og myndræn
innsetning fyrir einn*

Árni Guðjónsson er fæddur árið 1988. Hann útskrifaðist frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ af myndlistabraut árið 2008 og sama ár útskrifaðist hann úr Tónlistaskóla Garðabæjar í klassískum pianóleik þar hans aðalkennarar voru Karl Sigurðsson og Berglind Björk Jónsdóttir. Árið 2008 hóf Árni nám í tónsmíðum við tónlistardeild Listaháskóla Íslands en auk þess hefur hann stundað nám í djass-píanóleik við tónlistarskóla FÍH, undir handleiðslu Vignis Þórs Stefánssonar. Árna hefur líkað vel í tónlistardeildinni og verk sem hann hefur samið í náminu þar hafa verið flutt í Litháen og Danmörku. En gleðin er brátt á enda, því að útskrifin er á næsta leiti.

UM VERKIÐ

Án titils

Verkið er hljóð- og myndræn innsetning fyrir einn. Ástæðan fyrir því að aðeins einn í einu má upplifa verkið er sú að við fæðumst ein, lifum ein, og deyjum ein. Erum ein. Þegar allt kemur til alls.

Við upplifun verksins liggur hlustandi/áhorfandi á bakinu inni í tjaldi, horfir upp í loft og hlýðir/horfir á hljóð og mynd sem dansa saman, í samstígum og gangstígum dansi. Verkið er ekki tímabundið, það má liggja eins lengi og mann lystir, ekkert liggur á.

A.G.

**LAUGARDAGUR
7. MAÍ KL. 16.00
FELLA- OG HÓLAKIRKJA**

**INGUNN GYÐA
HRAFNKELSDÓTTIR,
SÓPRAN**

EFNISSKRÁ

Páll Ísólfsson (1893-1974)

Vögguvísa
Ljóð eftir Davíð Stefánsson

Hjálmar H. Ragnarsson (1952)

Söngur Sólveigar
*Ljóð Ibsens í þýðingu
Einars Benediktssonar*

Oskar Merikanto (1868-1924)

Rukous - Ave Maria
Kevátlaulu
Sinulle

Gabriel Fauré (1845-1924)

Automne

Ernest Chausson (1855-1899)

Le Colibri

Peter Warlock (1894-1930)

Cradle Song
Pretty Ring Time

Gian Carlo Menotti (1911-2007)

The Black Swan
Aría Monicu úr óperunni The Medium

HLÉ

Miguel Sandoval (1903-1953)

Serenata Gitana

Sergei Rachmaninoff (1873-1943)

Полюбила я на печаль свою
- The Soldier's Wife
Весенние воды
- Spring Waters
Сон - A Dream

Gustav Mahler (1860-1911)

Ich ging mit Lust durch einen grünen Wald
Hans und Grethe

Giacomo Puccini (1858-1924)

Mi chiamano Mimì
Aría Mimì úr óperunni La Bohème

Georges Bizet (1838-1875)

Je dis que rien ne m'épouvante
Aría Micaëlu úr óperunni Carmen

Antonín Dvořák (1841-1904)

Měsíčku na nebi hlubokém - „Til mánans“
Aría Rusólku úr samnefndri óperu

Selma Guðmundsdóttir, píanó

Ingunn Gyða Hrafnkelsdóttir sópran er fædd í Reykjavík. Hún stundaði nám á náttúrufræðibraut við Kvennaskólann í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 2005. Hún hóf nám við Söngskólann í Reykjavík haustið 2002 og voru Íris Erlingsdóttir og Anna Rún Atladóttir hennar aðalkennarar. Eftir að hafa lokið 8. stigi frá Söngskólanum vorið 2008 hóf hún nám við Listaháskóla Íslands hjá Elísabetu Erlingsdóttur söngkennara og Selmu Guðmundsdóttur píanóleikara. Hún mun ljúka BMus gráðu nú í vor.

Ingunn Gyða hefur þrívægis sungið í uppfærslum Nemendaóperu Söngskólans auk þess að taka þátt í óperunni *Così fan tutte* á vegum Óperustúdíós Íslensku Óperunnar. Meðfram söngnáminu hefur hún stundað píanónám hjá Jónasi Sen, Violetu Smid og Peter Máté. Hún var félagi í Kór Kvennaskólans í Reykjavík og hefur sungið með Reykjalundarkórnum frá árinu 2006. Ingunn Gyða hefur komið fram sem einsöngvari með kórnum á tónleikum og við ýmis önnur tækifæri.

SUNNUDAGUR
8. MAÍ KL. 15.30
LISTASAFN REYKJAVÍKUR,
HAFNARHÚS

ARNDÍS HREIÐARSDÓTTIR,
SVIÐSLISTATÓNLIST

EFNISSKRÁ

Arndís Hreiðarsdóttir

Leikstjóri tónanna; tónverk fyrir sex persónur úr íslenskum leikritum.

- Frumflutningur.

Herrann sjé eina huggun mín

- Jón bóndi úr leikritinu Gullna hliðið.

Verk fyrir strengjakvartett og kór.

Míg langar að...

- Hans úr leikritinu And Björk, of course.

Verk fyrir strengjakvartett, píanó, slagverk og tape.

14. október

- Jónatan skipstjóri úr leikritinu Hart í bak.

Verk fyrir strengjakvartett, harmóníku, horn, slagverk og tape.

Hystería

- Klara úr leikritinu Fólkið í kjallaranum.

Verk fyrir píanó og strengjakvartett.

Lífið er saltfiskur

- Salka Valka úr samnefndu leikriti.

Verk fyrir horn, básúnu, túbu, slagverk og strengjakvartett.

Leitin

- Ragnheiður Birna úr leikritinu Þetta er allt að koma.

Verk fyrir messó-sópran og strengjakvartett.

Arndís Hreiðarsdóttir lærði á píanó og þverflautu við Tónlistarskóla Garðabæjar en er einnig sjálfmenntaður slagverksleikari. Árið 2008 hóf hún nám í tónsmíðum í Listaháskóla Íslands og sérhæfir sig í sviðslistatónlist undir leiðsögn Kjartans Ólafssonar. Arndís hefur unnið að ýmsum tónlistartengdum verkefnum síðustu ár, meðal annars samið tónlist við stuttmyndir og dansverk, tekið þátt í Art Fart og samið tónlist í samvinnu við annan nemanda fyrir leikritið Stræti sem Nemendaleikhús Listaháskólans setti upp árið 2010.

„Tónlist fyrir mér er jafn nauðsynlegur hlutur og að draga andann. Tónlistin er allt í kringum mig og þagnar aldrei.“

UM VERKID

Leikstjóri tónanna

Ég er leikstjóri tónanna og ég býð ykkur að koma með mér í ferðalag, þar sem við kynnumst sex ólíkum manneskjum. Sumar þeirra þekkið þið kannski vel en aðrar hafið þið aldrei heyrt um. Manneskjurnar eru mismunandi eins og þær eru margar. Ein þeirra er listakona af Guðs náð og lætur ekkert stoppa sig í að láta draum sinn rætast og önnur er baráttukona, sem hefur glatað eiginleika sínum til að elska skilyrðislaust.

Eina manneskjuna langar að gera svo margt í lífinu en veit ekkert hvar hún á að byrja á meðan önnur manneskja ferðast um í skjóðu og laumar sér inn fyrir Gullna hliðið. Tvær manneskjur lifa í fortíðinni þó af ólíkum ástæðum. Önnur dvelur þar öllum stundum því þá gengu hlutirnir svo miklu betur heldur en í nútíðinni en hin manneskjan heimsækir fortíðina til þess að geta notið lífsins í núinu. Mér er farið að þykja afskaplega vænt um þessar manneskjur og ég hlakka til að kynna ykkur fyrir þeim.

A.H.

SUNNUDAGUR
8. MAÍ KL. 17.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON,
KVIKMYNDATÓNLIST

EFNISSKRÁ

Hafsteinn Þórólfsson

Þjóðsaga

Texti: Hafsteinn Þórólfsson

og Hannes Páll Pálsson

1. *Álfadrottningin*
2. *Hrafnþingið*
3. *Seiðurinn*
4. *Marsinn*
5. *Þórður*
6. *Hraunbúarnir*
7. *Flóttinn*

Álfadrottningin:

Ragnheiður Árnadóttir, sópran

Þórður: *Hafsteinn Þórólfsson, barítón*

Hljómsveit og kór

Stjórnandi á tónleikunum:

Hörður Áskelsson

Hafsteinn Þórólfsson hóf söngnám í Söngskóla Reykjavíkur undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Iwonu Jagla og lauk þaðan 8. stigi vorið 2003. Hann hóf síðan nám við Guildhall School of Music & Drama þar sem hann lauk mastersnámi í söng vorið 2005 undir handleiðslu Robert Dean. Hann sótti því næst einkakennslu í popp -og söngleikja-söngtækni undir leiðsögn Stuart Barr í Lundúnum og lauk því námi vorið 2006.

Hafsteinn hóf tónsmíðanám í Listaháskóla Íslands haustið 2008. Fyrsta námsárið nam hann undir leiðsögn Ríkharðar Friðriks-sonar en seinni árin tvö hjá Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni. Af verkum Hafsteins sem unnin hafa verið á námstíma hans má nefna kórverkið Komdu nú klár sem var flutt af Kammerkór Suðurlands á Myrkum Músikdögum 2009. Hann útsetti og samdi tónlistana fyrir stuttmyndina Breki sem var sýnd á RIFF kvikmyndahátíðinni 2010. Verk hans Prope est dominus var frumflutt af Schola cantorum á aðventutónleikum kórsins í Hallgrímskirkju í nóvember 2010 og var einnig á efnisskrá kórsins á tónleikum þeirra í Kólnardómkirkju í desember 2010.

UM VERKIÐ

Þjóðsaga

Í sögunni Systkinin í Ódáðahrauni úr Útilegumannasögum Jóns Árnasonar bregður fyrir gömlum bónda að nafni Barna-Þórður. Hann hafði áætlað að mæta Oddi biskup Einarssyni í Kiðagili til þessa að leiða hann yfir Ódáðahraun. Oddur mætti hinsvegar ekki á tilsettum tíma og varð Þórður því, vegna matarleysis, að snúa aftur heim. Til að staðfesta komu sína í Kiðagil orti Barna-Þórður eftirfarandi vísu í sandinn:

Biskups hefi ég beðið með raun
og bitið lítinn kost;
áður ég lagði á Ódáðahraun
át ég þurran ost.

Saga Þórðar er ekki lengri og engu er getið um uppruna viðurnefnis hans.

Vegna áhuga höfundanna á þjóðsögum leituðu þeir að sögu eða sögupersónu til að byggja tónverk á. Persóna Þórðar varð fyrir valinu vegna þess að sagan sem hann kemur fyrir í gerist á svæði sem er rómað fyrir anda, útilegumenn, álfa, tröll og allskyns vætti auk þess sem snubbótt saga Þórðar bauð uppá mikið skáldaleyfi. Saga okkar fjallar um hvernig Þórður fékk viðurnefni sitt.

Verkið hefur þróast í gegnum nám Hafsteins í Listaháskólanum og er það flutt hér í styttri útgáfu.

Hafsteinn og Hannes hafa verið vinir frá unglingsárum og hafa unnið saman og stutt hvorn annan í listsköpun sinni.

H.P.

MÁNUDAGUR
9. MAÍ KL. 20.00
LISTASAFN REYKJAVÍKUR,
KJARVALSSTAÐIR

ARVE EIRIKSSON,
HORN

EFNISSKRÁ

Ludvig van Beethoven (1170-1827)

Sónata fyrir horn og píanó í F-dúr, op. 17

Allegro moderato

Poco adagio, quasi Andante

Rondo: Allegro moderato

Thomas Dunhill (1877-1946)

Cornucopia fyrir horn og píanó, op. 95

Andante con moto

Allegro vivo

Poco adagio

Allegro leggiero

Slow minuet - Andantino

Presto non troppo

HLÉ

Herbert Ágústsson (1926)

Andante fyrir horn og píanó

Samuel Scheidt (1587-1654)

Canzona Bergamasca fyrir brasskvintett

Richard Simm, píanó

Hannah Rós Sigurðardóttir, trompet

Jóhannes Þorleiksson, trompet

Li Ming Yeung, básúna

Lai Tak Chun, túba

og fleiri.

Arve Eriksson er fæddur og uppalinn í Gautaborg í Svíþjóð. Í framhaldsskóla kviknaði tónlistaráhugi hans fyrir alvöru. Árið 2008 flutti Arve til Íslands og hóf nám við Listaháskóla Íslands hjá Joseph Ognibene. Arve hefur leikið með Hljómsveit Tónlistarskóla Reykjavíkur, Sinfóníuhljóm-sveit áhugamanna, Sinfóníuhljómsveit unga Fólksins, Ungsveit SÍ, og í kammerhóp sem lék undir með Seltjarnarneskór og Gradualekór Langholtskirkju.

UM VERKIN

Sónata fyrir horn og píanó í F-dúr, op. 17

Sónata fyrir horn og píanó eftir Beethoven var skrifuð fyrir Giovanni Punto, einn besta hornleikara síns tíma. Sagan segir að það hafi einungis tekið Beethoven einn dag að semja sönötuna - en svo hefði hann endurskrifað hana svo hljóðfæraleikari réði við að leika hana.

Cornucopia fyrir horn og píanó, op. 95

Verkið Cornucopia skiptist í sex smáþætti, sem við Richard meðleikari minn lékum saman í vetur og höfðum svo gaman af því að við vildum endurtaka leikinn.

Cornucopia er orðaleikur sem kemur úr latnesku eða ítölsku frá orðinu horn (corno) og latneska orðinu fyrir Nægtarhornið (á ensku 'horn of plenty').

Andante fyrir horn og píanó

Herbert Ágústsson fæddist í Austurríki og lék á horn í Graz áður en réði sig til Sinfóníuhljómsveitar Íslands um 1952. Hann samdi einnig verk af ýmsum gerðum m.a. eru til eftir hann hornkonsert, Rondó, tilbrigði við stef eftir Pergolesi, o. fl. Verkið Andante fyrir horn var samið fyrir úvarpstónleika í Austurríki.

Canzona Bergamasca fyrir brasskvintett

Canzona Bergamasca er gamall sveitadans frá Bergamo á Ítalíu. Þetta er útsetning fyrir brasskvintett af lögum frá sautjándu öld.

A.E.

FIMMTUDAGUR
12. MAÍ KL. 18.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

INGA DÓRA
STEFÁNSDÓTTIR,
MESSÓ-SÓPRAN

EFNISSKRÁ

Árni Thorsteinson (1870-1962)

Vorgyðjan kemur

Ljóð eftir Guðmund Guðmundsson

Rósín

Ljóð eftir Guðmund Guðmundsson

Nafnið

Ljóð eftir Steingrím Thorsteinsson

Johann Sebastian Bach (1685-1750)

Buss und Reu

Aría úr Mattheusarpassíu

Richard Strauss (1864-1949)

Ach Lieb, ich muss nun scheiden

Die Nacht

Leonard Bernstein (1918-1990)

Ljóðaflokkurinn I Hate Music

I. My name is Barbara

II. Jupiter has seven moons

III. I hate music

IV. A big Indian and a little Indian

V. I'm a person too

HLÉ

Jacques Offenbach (1819-1880)

Barcarolle (Belle nuit, ô nuit d'amour)

Dúett Nicklas og Guiliettu úr óperunni

Ævintýri Hoffmanns

Fernando Obradors (1897-1945)

La mi sola, Laureola

Del cabello más sutil

Pyotr Ilyich Tchaikovsky
(1840-1893)

Средь шумного бала

Ни отзыва, ни слова, ни привета

Серенада Дон-Жуана

Franz Schubert (1797-1828)

Der Musensohn

Nacht und Träume

Auf dem Wasser zu singen

Gian Carlo Menotti (1911-2007)

Lullaby

Aría móðurinnar úr óperunni The Consul

Modest Mussorgsky (1839-1881)

Marina's Aria

Aría Marinu úr óperunni Boris Godunov

Elísabet Einarsdóttir, sópran

Selma Guðmundsdóttir, píanó

Inga Dóra Stefánsdóttir er fædd 1981 og hóf söngnám í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar árið 1998. Kennari hennar var Dr. Þórunn Guðmundsdóttir og lauk hún framhaldsprófi vorið 2008. Inga Dóra tók þátt í þremur nemendauppfærslum í Tónlistarskólanum í Hafnarfirði. Hún söng Dorabellu í óperunni *Così fan tutte* eftir Mozart, Hans í óperunni *Hans og Gréta* eftir Humperdinck og Cherubino í konsertuppfærslu af óperunni *Brúðkaup Fígarós* eftir Mozart. Einnig hefur hún tekið þátt í nokkrum nemendaóperum í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Með söngnáminu stundaði Inga Dóra nám við Kennaraháskóla Íslands og lauk þaðan B.ed. prófi vorið 2005. Haustið 2008 hóf Inga Dóra söngnám í Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elisabetar Erlingsdóttur. Í Listaháskólanum hefur Inga Dóra sótt einkatíma og masterklassa hjá m.a. Kristni Sigmundssyni, Gunnari Forshovfud, Christopher Underwood, auk fjölda annarra.

FÖSTUDAGUR
13. MAÍ KL. 20.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

BERGRÚN
SNÆBJÖRNSDÓTTIR,
HORN

EFNISSKRÁ

Richard Strauss (1864-1949)

Horn Concerto No. 1, Op. 11

Allegro

Andante

Allegro

Alfred Rasmussen

Stimmung, Op. 11

HLÉ

Olivier Messiaen (1908-1992)

Úr Des canyons aux étoiles...

Appel Interstellaire

Victor Ewald (1860-1935)

Brass Quintet No. 1, Op. 5

Moderato

Andante (non troppo lento)

Allegro Moderato

Bergrún Snæbjörnsdóttir (1987)

The Stars and the Cycle - Frumflutningur

Diaspar

Lys

Mad Mind

Vanamonde

Richard Simm, píanó

Finnbogi Óskarsson, túba

Harpa Jóhannsdóttir, básúna

Jóhannes Þorleiksson, trompet

Valdís Þorkelsdóttir, trompet

Bergrún Snæbjörnsdóttir er upp-alin í smáþorpum víða á Íslandi. Hún hóf tónlistarnám við Grunnskóla Hofsóss, en 1997 byrjaði hún að spila á alt-horn við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og seinna meir á franskt horn undir handleiðslu Lilju Valdimarsdóttur. Haustið 2006 hóf Bergrún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lærði þar hjá Joseph Ognibene, en hún hélt áfram námi hjá honum við Listaháskóla Íslands. Einnig hefur hún sótt einkatíma og masterklassa hjá Ib-Lansky Otto, Froydis Ree Wekre og Radovan Vlatkovic, og lært hjá Randall Faust við Interlochen Arts Camp. Bergrún hefur tekið þátt í Blásarasveit Reykjavíkur, Ungfóniu, Orkester Norden o.fl. Einnig fór hún í tónleikaferðalag með Björk Guðmundsdóttur árin 2007-2008.

Bergrún hóf nám við Listaháskóla Íslands haustið 2008 og í vor lýkur hún bakkalárgráðu þaðan. Hún er meðlimur brassgrúppanna Wonderbrass, Moru, Yobo Hábeva og stuðhljóm sveitanna Orphic Oextra og Tenór Tvist. Hún hefur komið fram og tekið upp með hinu og þessu tónlistarfólki. Bergrún hefur einnig stundað tónsmíðanám samhliða hljóðfæranáminu undir leiðsögn Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar.

UM VERKIN

Horn Concerto No. 1, Op. 11

Richard Strauss samdi þennan konsert árið 1883 aðeins nítján ára gamall undir áhrifum frá föður sínum, Franz. Franz Strauss var fyrsti hornleikari í Konunglegu Óperunni í München og dáður af öllum fyrir vald sitt á hljóðfærinu. Hann var þó mikill íhaldssinni þegar kom að tónlist og ól son sinn upp við Haydn, Mozart og Beethoven og hélt frá honum „róttæklingum“ eins og Chopin, Brahms og Wagner. Þegar Franz gagnrýndi framgengni tónsmíða sonar síns, svaraði Richard, „Ég hef heyrt þig spila þessa frasa heima. Nú þarftu að spila þá fyrir framan annað fólk“. Hann gerði það ekki. Tónlistin var gefin út 1884 með tileinkun til annars hornleikara, og var fyrst flutt 1885 af enn öðrum hornleikara.

Stimmung

Verkið er eftir Danann Alfred Rasmussen, en hann samdi einnig verkið Nocturne sem er oft flutt samhliða Stimmung.

Appel Interstellaire

Appel Interstellaire var fyrst samið í minningu vinar Messiaen 1971, en þegar honum var falið að semja verk fyrir tveggja aldar afmæli Bandaríkjanna árið 1974 ákvað

hann að byggja tólf kafla verkið Des canyons aux étoiles... (From the canyons to the stars...) í kringum þennan hornsóló-kafla. Appel Interstellaire er sjötti. kaflinn, og þýðist sem „Interstellar Call“, líkt og tónlistin sé hornakall sem nær út yfir endamörk alheimsins. Þó Messiaen hafi fengið innblástur fyrir tónlistina frá umhverfi Utah er verkið sem og öll önnur tónlist sem hann samdi lofgjörð á sköpunarverkum guðs. Messiaen lætur hljóðfæraleikarann beita ýmsum brellum svo sem fluttertungu, stoppuðu horni, glissandóum og hálf-lokuðum ventulum, og heyra má brot úr hljóðheimi gilja Utah í formi sléttuúlfa og ýmissa fuglategunda.

Brass Quintet No. 1, Op. 5

Þó Rússinn Victor Ewald hafi fyrst og fremst verið byggingaverkfræðingur og sellisti, var hann með fyrstu tónskáldunum sem sömdu fyrir málmblásturskvintettinn nokkurn veginn eins og hann lítur út í dag og eiga brassleikarar honum mikið að þakka. Kvintett No. 1 var saminn 1902 en gefinn út 1912, í stað horns og básúnu voru partarnir fyrir alt-horn og tenór-horn.

The Stars and the Cycle

Verk fyrir brasskvintett. Byggt á skáldsögu Arthur C. Clarke, The City and the Stars.

B.S.

**LAUGARDAGUR
14. MAÍ KL. 14.00
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ**

**ÚLFHILDUR
ÞORSTEINSDÓTTIR,
FIÐLA (DIPLÓMA)**

EFNISSKRÁ

Helgi Pálsson (1899-1964)

*Haust - stef með tilbrigðum
um íslenskt þjóðlag*

Johann Sebastian Bach (1685-1750)

Sóló sónata nr. 1 í g-moll BWV 1001

Adagio

Fuga (Allegro)

Siciliana

Presto

Antonín Dvorák (1841-1904)

Humoresque op. 101 nr. 7

HLÉ

Niccolò Paganini (1782-1840)

„Moses“ tilbrigði

Johannes Brahms (1833-1897)

Sónata nr. 3 op. 108

Allegro

Adagio

Un poco presto e con sentimento

Presto agitato

Richard Simm, píanó

Jane Ade Sutarjo, píanó

Þórður Þorsteinsson, selló

Úlfhildur Þorsteinsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1990. Hún var ákaflega lítil þegar hún fór að reyna að spila á fiðluna hjá mómmu og ömmu og eignaðist sína fyrstu fiðlu þriggja ára gömul. Þá hófst fiðlunám fyrst hjá ömmu, Ásdísi Þorsteinsdóttur og síðar hjá Lilju Hjaltadóttur. Fyrst við Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins en síðar við Allegro Suzuki-tónlistarskólann. Lilja kenndi henni þar til 2002 þegar hún hóf nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Auði Hafsteinsdóttur. Vorið 2008 lauk hún þaðan framhaldsprófi. Þá um haustið hóf hún nám í Listaháskóla Íslands og hefur aðalkennari hennar þar verið Ari Þór Vilhjálmsson. Úlfhildur hefur tekið virkan þátt í hljómsveitar- og kammermúsík starfi í skólunum. Einnig hefur hún sótt námskeið, bæði hér heima og erlendis. Kennarar hafa verið m.a. Guðný Guðmundsdóttir, Sigurbjörn Bernharðsson, Elfa Rún Kristinsdóttir, Danwen Jiang, Petru Munteanu, Takaya Urakawa og Ida Bieler. Úlfhildur hefur og tekið virkan þátt í hljómsveitarstarfi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig hefur hún tekið þátt í Orkester Norden.

UM VERKIN

Haust – stef með tilbrigðum um íslenskt þjóðlag.

Helgi Pálsson var fæddur á Norðfirði árið 1899. Helgi hafði alla tíð mikinn áhuga á tónlist, lærði ungur að spila á fiðlu og á efri árum nam hann tónsmíðar í Tónlistarskól-anum í Reykjavík en starfaði lengst af sem kaupfélagsstjóri á Norðfirði. Helgi hafði mikla unun af landi og þjóð og kemur það sterklega í gegn í tónsmíðum hans. Hér verður leikið verkið Haust eftir Helga en það er tilbrigða bálkur með sextán tilbrigðum við hið þekktu stef úr haustvísunum „Sumri hallar hausta fer“. Verkið er hugljúft og áhrifamikið. Hér leikur Helgi sér með stefið í tilbrigðaformi og sýnir hversu gott vald hann hefur á því.

Sonata nr. 1 í g-moll BWV 1001

Johann Sebastian Bach er eitt þekktasta tónskáld barrokk tímans. Hann samdi ógrynnin öll af tónlist fyrir allskonar hljóðfærasamsetningar. Einleiksverkin sex fyrir fiðlu, þrjár sönötur og þjár partitur samdi hann í Cöthen árið 1720. Greinilegt er að Bach hefur þekkt fiðluna mjög vel því hann skrifar í sólóverkin ýmsa úppgötvaða möguleika sem fiðlan hefur upp á að bjóða. Hér er um að ræða sólósónötu númer 1 í g-moll. Hún skiptist í fjóra kafla. Fyrsti kafinn er hægur og mjög virðulegur. Annar kaflinn er fuga þar sem

Bach leikur sér með margar raddir. Sá þriðji er hægur og virðulegur og að lokum er hraður og flótandi kafli í þremur áttundu.

Húmoreska op. 101 nr. 7

Dvorák samdi mikið af tónlist, m.a. óperur, sinfóníur, kammer- og hljómborðsverk svo fátt eitt sé nefnt. Sumarið 1894 samdi hann lagabálk fyrir pianó sem innihélt átta lög. Upphaflega hét lagabálkurinn *New Scottish Dances* en þar sem Dvorak fannst stykkinn ekki vera dansar þá breytti hann nafninu í Humoresque. Með nafninu getur Dvorak hafa átt við húmor eins og við þekkjum til í dag enda er um létt og leikandi verk að ræða. Sagt er að *Humorseque* hafi strax orðið eitt af frægustu píanóverkunum ásamt *Für Elise* eftir Beethoven. Hér er hún leikin í útsetningu fyrir fiðlu, selló og pianó.

„Moses“ tilbrigði

Niccoló Paganini var fæddur á Ítalíu árið 1782 og fiðluáhugi hans kom snemma í ljós. Hann lærði fyrst á mandólín en fiðluleikinn kenndi hann sér að miklu leyti sjálfur. Paganini samdi bæði fyrir fiðlu og gítar en er þekktastur fyrir 24 caprices eða æfingar opus 1 fyrir fiðlu þar sem stilbrigði hans koma berlega í ljós. Pizzicato, flaututónar, staccato, tvígríp og fleira sem ekki hafði áður verið mikið notað í fiðluleik. Sjálfur var Paganini slíkur fiðlu-

snillingur að hann var talinn galdramaður eða djöflafiðluleikari og um hann spunust ýmsar sögusagnir sem hann virðist hafa notfært sér í auglýsingaskyni. Ein sagan segir að hann hafi setið í fangelsi fyrir manndráp og kennt sjálfum sér að spila á fiðlu sem hafði eingöngu einn streng. Tilbrigðin sem hér verða leikin eru samin fyrir einn streng sem stílltur er þriund herra en venjulega en þau samdi Paganini við óperuna Moses eftir Rossini. Hér heyrast margar þær tækniþrellur sem einkenna verk Paganinis.

Sónata nr. 3 op. 108

Johannes Brahms samdi þrjár sönötur fyrir pianó og fiðlu. Fyrri sönöturnar tvær eru í þremur köflum en sú síðasta í fjórum köflum. Brahms tileinkaði þessa sönötu vini sínum, Hans von Bülow. Sónatan var frumflutt árið 1888 í Búdapest þar sem tónskáldið lék sjálft á pianó og Jenó Hubay lék á fiðlu. Fyrsti kaflinn er í hefðbundnu sönötuformi og mjög virðulegur. Annar kaflinn er hugljúfur og þar ber fiðlan uppi laglínuna. Brahms skapar andstæður í þriðja kaflanum. Hér tekur píanóið athygli hlustandans og spilar stefið á meðan fiðlan leikur hljóma, síðan snúast hlutverkin við. Fjórða og síðasta kaflanum svipar til fyrsta kaflans í uppbyggingu en þessi kafli er kröftugasti og tilfinningaþrungnasti kafli sönötunnar.

Ú.Þ.



SUNNUDAGUR
15. MAÍ KL. 20.00
SÖLVHÓLL

BJARNI BIERING
MARGEIRSSON,
KVIKMYNDATÓNLIST

EFNISSKRÁ

Bjarni Biering Margeirsson
Tónlist við kvikmyndina The Crowd.

Bjarni Biering Margeirsson er fæddur árið 1986 í Reykjavík. Hann hóf ungur að leika á píanó en áhuginn fyrir tónlist og uppbyggingu hennar hefur ætíð verið mikill. Árið 2000 flutti Bjarni ásamt foreldrum sínum til Mósambík þar sem foreldrar hans unnu fyrir ÞSSÍ. Árið 2003 fluttist hann til Suður Afríku til að nema tónlist í Michaelhouse sem er Suður Afrískur heimavistarskóli en þar lauk hann 8.stigi í klassískum píanóleik.

Ásamt því að koma fram á ýmsum tónleikum í Kwazulu Natal fylki, tók Bjarni einnig þátt í keppni fyrir unga píanóleikara sem haldin var í Bloemfontein. Árið 2004 fór hann, ásamt djasssveit Michaelhouse, í tónleikaferðalag um Bretland. Þar spilaði sveitin ásamt Tandile Mandela afríska og vestræna djass standarda. Eftir útskrift fluttist Bjarni til Danmerkur til að læra djass píanó í Den Rytmske Hojskole sem er lýðháskóli á vestur Sjálandi.

Eftir að Bjarni fluttist til Íslands árið 2005 hefur hann spilað á píanó og hljómborð í hljómsveitinni Shadow Parade ásamt því að pródúsera og spila undir í veislum og inn á plötur. Árið 2008 hóf Bjarni nám í tónsmíðum (með áherslu á kvikmyndatónlist) við Listaháskóla Íslands.

UM VERKIÐ

The Crowd

Kvikmyndin 'The Crowd' var framleidd árið 1928 og er hún talin meistaraverk leikstjórans King Vidor. Myndin fjallar um ungan mann sem flyst til New York í von um frægð og frama. Hann er mikil draumóramaður en plön hans um að verða mikilvægur og ríkur maður virðast ekki ganga upp. Hann finnur ást og eignast börn en hamingjuna virðist hann eiga erfitt með að finna.

Tónlistin við myndina er nokkuð tímalaus, þar sem efni myndarinnar á nokkuð vel við nútímann. Myndinni verður einnig varpað á internetinu á síðunni www.bbm.is.

B.B.M.

MIÐVIKUDAGUR
18. MAÍ KL. 20.00
SÖLVHÓLL

BALDUR JÓHANN
BALDURSSON,
MA Í TÓNSMÍÐUM

KRISTJÁN GUÐJÓNSSON,
MA Í TÓNSMÍÐUM

EFNISSKRÁ

Kristján Guðjónsson

Kvika fyrir hljómsveit
Leysingar fyrir hörpu og víbrafón

Baldur Jóhann Baldursson

Four Themes - Frumflutningur

Danger

Power

Mistery

Romance

Kristján Guðjónsson

Kvintett fyrir flautu, klarinettu,
fiðlu, selló og píanó - Frumflutningur

Kristján Guðjónsson stundaði nám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík á árabílinu 2000 - 2004. Tónsmíðakennarar hans þar voru Tryggvi M. Baldvinsson og Þórður Magnússon. Kristján hóf meistaranám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands haustið 2009 og hefur leiðbeinandi hans þar verið Úlfar Ingi Haraldsson.

Baldur J. Baldursson er fæddur árið 1967 og stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Keflavík á árunum 1979-1984. Á níunda áratugnum var Baldur meðlimur í ýmsum hljómsveitum þess tíma, þar sem hinn spennandi heimur raf- og tölvutækni í tónlist hélt innreið sína. Baldur útskrifaðist af tölvubraut frá Iðnskólanum Reykjavík árið 1988 og síðan árið 1994 með BA gráðu í tónlist og hljóðupptöku frá University of New Haven í Bandaríkjunum. Baldur vann að hljóðlausnum í sýndarveruleika hjá OZ á árunum 1995-1999 og síðan hjá smartVR 1999-2002.

Baldur sinnti ýmsum störfum allt til ársins 2008 þegar hann gekk til liðs við tölvuleikjaframleiðandann CCP, þar sem hann starfar í dag sem deildarstjóri hljóðdeildar. Baldur hefur einnig samið og gefið út tónlist, svo og tekið þátt í tónleikahaldi og innsetningum viðsvegar um heiminn með ýmsum listamönnum. Haustið 2009 hóf Baldur meistaranám í tónsmíðum við Listaháskólann undir leiðsögn Kjartans Ólafssonar.

UM VERKIN

Kvika fyrir hljómsveit

Kvika fyrir hljómsveit er samið haustið 2010. Titillinn vísar til kvikunnur sem kraumar í landinu okkar, manningum og þjóðarsálinni. Verkið er einþáttungur sem skiptist í meginatriðum í tvo efnishluta og Coda. Það mætti segja að fyrri hlutinn standi fyrir náttúruna eða landið en hinn síðari, þar sem undirliggjandi er þjóðlagið Ísland farsældar frón, standi fyrir einstakling og þjóð.

K.G.

Leysingar fyrir hörpu og víbrafón

Leysingar fyrir hörpu og víbrafón er samið á útmánuðum 2010. Verkið er í þremur þáttum. Fyrsti þátturinn hefst á klifun hörpunnar á tónunum E og Dís á meðan víbrafóninn leikur einleik. Síðan fer harpan af stað og hljóðfærin stíga dansinn um skeið. Þátturinn endar svo á líkum nótum og hann byrjaði. Annar þátturinn byggist á hægum hljómagangi sem er endurtekinn með tilbrigðum. Þriðji þátturinn hefst á hörpusóló sem leiðir inn í hraðan samleik hljóðfæranna.

K.G.

Four Themes

Four themes byggir að stórum hluta á rannsóknum tengdum lokaverkefni Baldurs sem fjallar um að hámarka þá upplifun sem tónlist getur veitt við spilun fjölspilunar tölvuleikja. Flutningur er bæði lifandi sem og leikin af disk. Verkið samanstendur af fjórum þáttum sem endurspeglar fjögur megin þemu, sem eru eftirfarandi: Danger, Power, Mystery og Romance.

Líkt og um tölvuleik væri að ræða sér forritið Calmus um að semja hluta verksins - eftir fyrirfram gefnum forsendum. Þess ber að geta að verkið er ekki áþreifanlegt dæmi um tónverk eins og það kemur til með að hljóma inni í tölvuleik heldur er um heilsteypitari sjálfstæða tónsmíð að ræða sem styðst við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í þessu verkefni.

B.J.B.

Kvintett

Kvintett (2011) fyrir flautu, klarínettu, fiðlu, selló og píanó skiptist í nokkur smáverk sem ekki eru endilega tengd innbyrðis. Í þessum verkum kanna ég frekar möguleika þess tónefnis sem ég hef verið að þróa í tengslum við meistaraverkefni mitt.

K.G.

**FIMMTUDAGUR
19. MAÍ KL. 20.00
FRÍKIRKJAN**

**SIGRÚN
HARÐARDÓTTIR,
FIÐLA**

EFNISSKRÁ

Ludwig van Beethoven (1770-1827)

Rómansa fyrir fiðlu no. 2 í F dúr, op. 50.

Gabriel Fauré (1845-1924)

Fiðlusónata no. 1 í A dúr, op. 13.

Allegro molto

Andante

Allegro vivo

Allegro quasi presto

Henryk Wieniawski (1835-1880)

Polonaise brillante no. 1 í D dúr, op. 4.

HLÉ

Petter Ekman (1989)

Nýtt verk - Frumflutningur

Astor Piazzolla (1921-1992)

Árstíðirnar fjórar í Buenos Aires

(Cuatro estaciones porteñas)

Útsetning: Leonid Desyatnikov (1955)

Otoño Porteño, 1969

(Haustið í Buenos Aires)

Invierno Porteño, 1970

(Veturinn í Buenos Aires)

Primavera Porteña, 1970

(Vorið í Buenos Aires)

Verano Porteño, 1964

(Sumarið í Buenos Aires)

Richard Simm, píanó

Strengjasveit undir stjórn

Sigrúnar Eðvaldsdóttur

Sigrún Harðardóttir hóf fiðlunám þriggja ára gömul við Suzukideild Tónskóla Sígursveins D. Kristinssonar þar sem hún lærði m.a. hjá Sigríði Helgu Þorsteinsdóttur og Helgu Steinunni Torfadóttur. Haustið 2006 hóf hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Auði Hafsteinsdóttur. Tveimur árum síðar lá leiðin í Listaháskóla Íslands og þar hefur hún lært undir handleiðslu nöfnu sinnar, Sigrúnar Eðvaldsdóttur.

Sigrún hefur verið virkur þátttakandi í hvers kyns samspili og kammermúsík. Hún hefur leikið með hljómsveitum á borð við Strengjasveitina Skark, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins (Ungfóníu), og hefur hún verið konsertmeistari í tveimur þeim síðastnefndu. Hún hefur þrívægis hlotið styrk frá Mosfellsbæ til að einbeita sér að tónlistinni yfir sumartímann. Sigrún hefur sótt námskeið og masterklassa m.a. hjá Guðnýju Guðmundsdóttir, Kati Sebestyen, Rachel Barton Pine og Elisabeth Zeuthen Schneider. Eftir útskrift frá Listaháskólanum stefnir Sigrún á framhaldsnám á erlendri grundu.

UM VERKIN

Rómansa fyrir fiðlu no. 2 í F dúr, op. 50.

Rómansa númer tvö, frá árinu 1802, er önnur tveggja sem Beethoven skrifaði fyrir fiðlu og sínfóníuhljómsveit. Beethoven notar sömu hljómsveitarskipan og í píanókonserti sínum í B dúr no. 2, op. 19 (eina flautu, tvö óbó, tvö fagott, tvö horn og strengi), en hér er leikin útsetning fyrir fiðlu og píanó sem Joseph Joachim gerði. Þetta stutta, lagræna verk Beethovens byggir hann á

rondó forminu (ABACA-niðurlag). Verkið er enn þann dag í dag eitt af þekktustu verkum Beethovens.

Fiðlusónata no. 1 í A dúr, op. 13.

Á seinni hluta níttjándu aldar komu fram á sjónarsviðið nokkrar einstakar, franskar fiðlusónötur sem allar höfðu til að bera fagrar laglínur, þokkafulla tjáningu, einlægar tilfinningar og gott jafnvægi í formi. Þar má nefna fiðlusónötur eftir Franck, Saint-Saëns, Debussy, Ravel og Fauré, sem hér er leikin. Raunar skrifaði Faure tvær fiðlusónötur með fjórtíu ára millibili, en sú seinni, samin árið 1916 er mun þekktari. Þá var Faure orðinn hálf heyrnalaus, en engu að síður er seinni sónatan mun flóknara þúsluspil og hljómasamsetning enn áhrifameiri og framhleypnari.

Polonaise brillante no. 1 í D dúr, op. 4.

Polonaise brillante no. 1 er eitt af fyrstu verkum Henryk Wieniawski, samið árið 1852. Það kann kannski ekki að furða að þessi pólski fiðlusnillingur hafi í fyrstu tilraunum sínum til að öðlast alþjóðlega viðurkenningu samið virtúósískt dæmi um frægasta dansform þjóðar sinnar. Verkið er tæknilega mjög erfitt, enda samið með það í huga að leyfa flytjandanum að sýna á sem fjölbreyttastan máta færni sína á fiðluna.

Það inniheldur meðal annars ástríðufullar laglínur, ögrandi bogatækni og kostulega fingurbjóta. Verkið er því ein stór flugeldasýning þar sem fiðluleikarinn nýtur sín til fullnustu.

Nýtt verk eftir Petter Ekman

Petter er skólafélagi minn í Listaháskólanum og er þetta verk samið í tilefni að útskrift minni.

Árstíðirnar fjórar í Buenos Aires

Árstíðirnar fjórar samdi Piazzolla sem sjálfstæð verk á árunum 1964-70, síðar fór hann að flytja verkin saman sem eina svitu. Verkið var upphaflega samið fyrir tangó kvintett; bandóneon, fiðlu, rafmagnsgítar, píanó og kontrabassa. Skömmu eftir aldamót útsetti Leonid Desyatnikov verkin fyrir fiðlu og strengjasveit og vísaði þar með í árstíðir Vivaldis sem voru fyrirmynd árstíða Piazzolla.

Þegar snjóar í Feneyjum skín sólin í Buenos Aires. Í útsetningu Desyatnikov bregður fyrir ýmsum tilvitnunum í árstíðir Vivaldis, til dæmis heyrast brot úr Sumri Vivaldis í Vetri Piazzolla. Auk þess nýtir hann sér möguleika strengjahljóðfæranna og bætir inn í verkið ýmis konar tangótækni sem er einkennandi fyrir verk Piazzolla.

S.H.



FÖSTUDAGUR
20. MAÍ KL. 18.00
SÖLVHÓLL

HALLDÓR SVEINSSON,
MENNT OG MIÐLUN

FYRIRLESTUR

Haldór Sveinsson

Tónlist úr Héraði

*Flytjendur eru nemendur
úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands*

Halldór Sveinsson hóf nám á fiðlu árið 1995 við tónlistarskóla Ísafjarðar undir handleiðslu Janusz Frach. Árið 2000 byrjaði hann í píanónámi samhliða fiðlunni þar sem kennari hans var Beáta Joó. Halldór var virkur í tónlistar- og menningarlífi Ísafjarðar. Hann lék með Strengjasveit T.Í, söng og spilaði með Karlakórnum Erni, tók þátt í söngleikjum Menntaskólans á Ísafirði og leikritum Litla Leikklúbbsins og kom fram á fiðlu eða píanó við hin ýmsu tilefni.

Árið 2008 hóf Halldór nám í mennt og miðlun í Listaháskóla Íslands með Peter Máté sem aðalkennara hans á píanó. Þá hætti Halldór formlegu námi á fiðluna en hefur haldið áfram að taka að sér fjölmörg verkefni á fiðluna ásamt því að spila með balkansveitinni Orphic Oxta sem gaf út sína fyrstu plötu fyrir jólin 2010.

UM VERKEFNIÐ

Tónlist úr Héraði

Lokaverkefnið er óhefðbundinn fyrirlestur þar sem áherslan er jöfn ef ekki meiri á lifandi tónlistarflutning. Fjallað verður um upphaf tónlistarmenningar á Vestfjörðum og þrætt í gegnum sögu hennar fram til dagsins í dag. Markmið verkefnisins er að fræða áhorfendur og kynna fyrir þeim sögu vestfirskrar tónlistar og leitast við að gera grein fyrir framtíð hennar og möguleikum. Tónlistarflutningur mun tengjast efninu og þeim tónskáldum sem fjallað er um í fyrirlestrinum.

H.S.

**ÚTSKRIFTAR-
NEMENDUR
TÓNLISTARDEILDAR
2011**

Arve Eiriksson, horn
031299870@telia.com



**Ingunn Gyða
Hrafnkelsdóttir,
sópran**
ingunngyda@gmail.com



**Bergrún
Snæbjörnsdóttir, horn**
bergrunsna@gmail.com



Jane Ade Sutarjo, fiðla
ponitapenguin@gmail.com



**Inga Dóra Stefánsdóttir,
messó-sópran**
agniarod@visir.is



**Sigrún Harðardóttir,
fiðla**
sigrunfidla@gmail.com



**Úlfhildur Þorsteinsdóttir,
fiðla (diplóma)**

ullafidla@gmail.com



**Baldur Jóhann
Baldursson,
MA í tónsmíðum**

baldurb@gmail.com



**Arndís Hreiðarsdóttir,
sviðslístatónlist**

disamarley@gmail.com



**Bjarni Biering
Margeirsson,
kvikmyndatónlist**

bmargeir@gmail.com



**Árni Guðjónsson,
tónsmíðar**

arnig88@gmail.com



**Brynhildur Oddsdóttir,
tónsmíðar**

bibibluebird@gmail.com



**Einar Sverrir Tryggvason,
kvikmyndatónlist**

einar@einarus.com
einarus.com



**Ingibjörg Erlingsdóttir,
tónsmíðar**

ingibjorg@tonsmidjan.net



**Erla Axelsdóttir,
nýmiðlar**

erlaaxels@gmail.com



**Ingólfur Magnússon,
kvikmyndatónlist**

ingolfur.magnusson@gmail.com



**Hafsteinn Þórólfsson,
kvikmyndatónlist**

haffit@gmail.com



**Kristján Guðjónsson,
MA í tónsmíðum**

stjani0202@gmail.com



**Þórunn Gréta
Sigurðardóttir,
tónsmíðar**
thgret@gmail.com



**Birgit Myschi,
mennt og miðlun**
birgitm08@gmail.com



**Vala Gestsdóttir,
tónsmíðar**
valagestdottir@gmail.com
soundcloud.com/valagests



**Halldór Sveinsson,
mennt og miðlun**
dorifdla@gmail.com



**KENRARAR
TÓNLISTARLISTAR-
DEILDAR 2008-2011**

Aaron Olavi Kristian Peltonen
Áki Ásgeirsson
Albert Mamriev
Anna H. Hildibrandsdóttir
Anna Rún Atladóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Arnar Bjarnason
Árni Heimir Ingólfsson
Ása Briem
Áskell Másson
Atli Ingólfsson
Auður Gunnarsdóttir
Benjamin James Frost
Bjarki Sveinbjörnsson
Bjarni Bragi Kjartansson
Björn Steinar Sólbergsson
Bogi Reynisson
Charles William M. Ross
Christopher John Foster
David Roesner
David Visentin
Eldar Ástþórsson
Eliisa Sumi
Elísabet Erlingsdóttir
Emma Björg Eyjólfscóttir
Erkki Lahesmaa
Eyþór Ingi Jónsson

Finnbogi Pétursson
Franciscus Wilhelmus Aarnink
Guðmundur Kristmundsson
Guðni Kjartan Franzson
Guðný Einarsdóttir
Guðný Guðmundscóttir
Guðrún Ingimundardóttir
Guðrún Óskarsdóttir
Gunnar Andreas Kristinsson
Gunnar Benediktsson
Gunnar Forshufvud
Gunnar Kvaran
Gunnar Kvaran Hrafnsson
Gunnsteinn Ólafsson
Halla Margrét Jóhannescóttir
Halldór Haraldsson
Hallur Ingólfsson
Haraldur Karlsson
Helga Aðalheiður Jónscóttir
Helgi Jónsson
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hilmar Oddsson
Hilmar Örn Hilmarsson
Hjálmar Helgi Ragnarsson
Hlynur Helgason
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson
Ingólfur Örn Arnarsson

Ingunn Hildur Hauksdóttir

Jelena Raschke

Jesper Pedersen

Jóhann Guðmundur Jóhannsson

Jóhann Gunnar Jóhannsson

Jóhann Smári Sævarsson

Jón Gunnar Biering Margeirsson

Jósef Ognibene

Jussi Siirala

Karl Ágúst Úlfsson

Karólína Eiríksdóttir

Katie Elizabeth Buckley

Kirsti Huttunen

Kjartan Kjartansson

Kjartan Ólafsson

Kristin Jonina Taylor

Kristín Lárusdóttir

Kristinn Örn Kristinsson

Kristinn Sigmundsson

Kristján Jóhannsson

Lars Graugaard

Lárus Halldór Grimsson

Linda Wang

Lubov Stuchevskaya

Magnea Árnadóttir

Marteinn Friðriksson

Martial Guðjón Nardeau

Massimiliano Baggio

Matti Lauri Kallio

Melkorka Ólafsdóttir

Merit Palas

Mharhi Baird

Nanna Hlíf Ingvadóttir

Nina Margrét Grímsdóttir

Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran

Oddur Björnsson

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Ólöf Ingólfsdóttir

Páll Eyjólfsson

Paul Griffiths

Per Forsberg

Peter Máté

Pétur Einarsson

Pétur Jónasson

Pétur Þór Benediktsson

Philippe Manoury

Rachel Barton Pine

Rachel Bowron

Radek Baborak

Richard John Simm

Ríkhartur H. Friðriksson

Selma Guðmundsdóttir

Sigrún Eðvaldsdóttir

Sigrún Harðardóttir

Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths

Sigurbjörn Bernharðsson

Sigurður Halldórsson

Sigurgeir Agnarsson

Siw Jessica Buzbee

Smári Ólason

Snorri Sigfús Birgisson

Stefán Ómar Jakobsson

Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Svava Bernharðsdóttir

Sveinn Einarsson

Sveinn Kjartansson

Timothy William Buzbee

Tinna Þorsteinsdóttir

Tryggvi M. Baldvinsson

Úlfar Ingi Haraldsson

Una Margrét Jónsdóttir

Vadim Fedorov

Vigdís Másdóttir

Víkingur Heiðar Ólafsson

Þóra Einarisdóttir

Þorbjörg Daphne Hall

Þórey Sigþórsdóttir

Þórir Baldursson

Þórunn Björnsdóttir

Þuríður Jónsdóttir



**ÚTSKRIFTARSÝNING
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS
LISTASAFNI REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSI**

23. APRÍL - 8. MAÍ 2009

ALLIR VELKOMNIR AÐGANGUR ÓKEYPIS